

## – Samkomulag um aukna byggðafestu á Suðureyri –

Eftirtaldir aðilar gera með sér samning um samstarf við nýtingu á 100 þorskígildistonna aflamarks fiskveiðiárin 2016/2017 og 2017/2018 auk mótframlags samningsaðila Byggðastofnunar, skv. fylgiskjali 1 með samningi þessum, í því skyni að treysta byggðafestu á Suðureyri. Samningur þessi er gerður á grundvelli reglugerðar nr.643/2016, umsóknar Fiskvinnslunnar Íslandssögu hf. og Hraðfrystihússins Gunnvarar hf. og samþykktar stjórnar Byggðastofnunar þann 18. nóvember 2016.

Aðilar að samningi þessum eru:

- Byggðastofnun, kt.450679-0389, Ártorgi 1, Sauðárkróki
- Fiskvinnslan Íslandssaga hf., kt.481299-3069, Freyjugötu 2, Suðureyri
- Hraðfrystihúsið Gunnvör hf., kt.630169-2249, Hnífsdalsbryggju, Hnífsdal

1.

Samningur þessi er viðbót við samning Fiskvinnslunnar Íslandssögu hf. og samstarfsaðila sem gerður var í desember 2013 og vísast til þeirra viðmiða og markmiða um framkvæmd samningsins sem hann inniheldur.

2.

Megin markmið samnings þessa er að auka við byggðafestu á Suðureyri í Ísafjarðarbæ með því að tryggja öruggari hráefnisöflun til Fiskvinnslunnar Íslandssögu í gegnum togara Hraðfrystihússins Gunnvarar og fækka þannig hráefnislausum dögum hjá Fiskvinnslunni Íslandssögu og styrkja þannig vinnslu félagsins. Að öðru leiti vísast til samnings Fiskvinnslunnar Íslandssögu hf. og samstarfsaðila frá í desember 2013.

3.

Samningurinn gildir fyrir fiskveiðiárin 2016/2017 og 2017/2018 með fyrirvara um endurskoðun við uppghaf hvers fiskveiðiárs þar sem lagt verður mat á hvort markmið samningsins og árangursviðmið umsóknarinnar sem samningurinn byggir á hafi gengið eftir. Samningurinn er einnig gerður með fyrirvara um það magn sem atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti úthlutar til Aflamarks Byggðastofnunar ár hvert.

4.

Byggðastofnun leggur til 100 þorskígildistonna aflamark af Aflamarki Byggðastofnunar árlega á gildistíma samningsins og samningsaðilar sem nemur 300 þorskígildistönum árlega á sama tímabili. Um er að ræða viðbót við þau 400 þorskígildistönn og mótframlag samningsaðila sem samningur frá desember 2013 kveður á um.

5.

Framsal aflamarks sem úthlutað er samkvæmt samningi þessum er óheimilt, en þó skulu heimil jöfn skipti á aflamarki í þorskígildum talið.

6.

Verði þær breytingar á högum samstarfsaðila að þeir geti ekki uppfyllt ákvæði samningsins skal tilkynna það til Byggðastofnunar eins fljótt og auðið er.

7.

Byggðastofnun er heimilt að afturkalla úthlutun aflamarks samkvæmt samningi þessum hafi ákvæði hans og/eða reglugerðarinnar verið brotin sbr.9 gr. Reglugerðarinnar. Séu brotin alvarlegs eðlis er

Byggðastofnun heimilt að rifta samningi þessum einhliða. Sé úthlutað aflamark nýtt á óheimilan hátt samkvæmt samningi þessum eða reglugerð skal útgerðaraðili skila aflamarki aftur til Byggðastofnunar.

8.

Byggðastofnun er heimilt að birta samning þennan á heimasíðu sinni.

Fylgiskjöl með samningi þessum eru:

1. Samkomulag Fiskvinnslunnar Íslandssögu og Hraðfrystihússins Gunnvarar framkvæmd veiða og verðlagningu milli aðila dagsett 2. desember 2016.
2. Umsókn um Aflamark Byggðastofnunar dagsett

Suðureyri 2. desember 2016

**HG**

**HRAÐFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.**



f.h. Fiskvinnslunnar Íslandssögu hf.



f.h. Hraðfrystihússins Gunnvarar hf.



BYGGÐASTOFNUN

f.h. Byggðastofnunar

Vottar að undirskrift (nafn og kt.)

Elisabet M. Jónasd. 221178-5219



0810683729